

## REGLUGERÐ

### um fylgiréttargjald.

#### 1. gr.

Við sölu myndlistarverka og listmuna á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni ber að greiða 10% fylgiréttargjald af andvirði hins selda er falli í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi þessi eru ekki framseljanleg.

Myndhöfundasjóður Íslands - Myndstef annast innheimtu fylgiréttargjalds og skil þess til höfundar eða erfingja hans eftir þeim reglum sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ef höfundaréttur að listaverki, sem selt er á listmunauppboði er fallinn niður sbr. 43. gr. höfundalaga nr. 73/1972, íslenska ríkið á höfundarétt að listaverki, sem selt er á listmunauppboðum eða í atvinnuskyni eða þegar fylgiréttargjaldinu verður ekki ráðstafað til höfundar eða annarra réttihafa, rennur fylgiréttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs.

#### 2. gr.

Listaverk sem falla undir gjaldskyldu skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunar- atvinnu eða 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 eru:

a) Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatns- litum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.

b) Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merкта afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.

c) Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kola- teikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem litho- grafiur, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.

d) Myndvefnaður, textilverk, gler- og mósaikmyndir svo og leir, keramik, postulíns-, silfur- og gullverk sem teljast til listiðnaðar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

#### 3. gr.

Fylgiréttargjald ber að greiða af sölu allra listaverka sem getið er um í 2. gr. hafi listaverkið verið selt á listmunauppboði eða það endurselt í atvinnuskyni með öðrum hætti, enda sé höfundur þess íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari eins af aðildarríkjum alþjóðlegra sátt- mála um höfundarétt sem Ísland er jafnframt aðili að og veitir íslenskum höfundum sams konar réttindi í því ríki.

#### 4. gr.

Uppboðshaldarar listmunauppboða þ.e. þeir sem að lögum hafa fengið leyfi til að halda listmunauppboð og þeir sem annast endursölu listaverka í atvinnuskyni skulu inna af hendi greiðslu fylgiréttargjalds til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu fylgiréttargjaldsins.

Ásamt greiðslu fylgiréttargjalds skulu þeir jafnframt skila Myndhöfundasjóði Íslands - Myndstefi skilagrein um alla sölu listaverka ásamt nafni og auðkennum verks, stærð þess ásamt öðrum upplýsingum úr uppboðsskrá svo og um höfund verksins og söluverð þess.

Fylgiráttargjaldi og skilagrein skal skila í síðasta lagi 30 dögum eftir að listamunauppboð fór fram, ef um sölu á listmunauppboði er að ræða en ársfjórðungslega ef um endursölu í atvinnskyni er að ræða.

5. gr.

Um kröfurétt höfundar á fylgiráttargjaldi eða annarra rétthafa þess fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiráttargjaldi, en þó aldrei hærra en 25% af því fylgiráttargjaldi sem innheimt er.

Ef ekki er unnt að hafa upp á höfundi eða öðrum rétthöfum viðkomandi fylgiráttargjalds, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þ.m.t. auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði, skal fylgiráttargjaldið renna til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs, enda séu liðin þrjú ár frá lokum þess árs er endursala fór fram.

Séu erfingjar látins höfundar, sem njóta skulu fylgiráttargjalds fleiri en einn, skulu þeir koma sér saman um að veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

6. gr.

Um refsingu vegna brota gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunar- atvinnu og 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 244/1993 um fylgiráttargjald og Myndlistarsjóð Íslands.

*Menntamálaráðuneytinu, 11. júní 2001.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Þórunn J. Hafstein.*